

Kynningarfundur Matís

Á kynningarfundum Matís þann 18. maí undir heitinu „Rannsóknir og nýsköpun fyrir fiskeldi framtíðar“ koma málefni Strandbúnaðar/Lagarlíf til tals: <https://matis.is/vidburdir/rannsoknir-og-nyskopun-fyrir-fiskeldi-framtidar/>

Það sem er athyglisvert að þar kemur fram:

- Það kom upp mál á síðasta ári að fyrrverandi framkvæmdarstjóri Strandbúnaðar þurfti skyndilega að hætta.
- Matís tók af sér framkvæmdarstjórn í neyð.
- Matís sá í þessu tækifæri til að auka samstarf við aðila sem eru í eldi og ræktun.

1. Skyndilega að hætta

Fram kom á kynningarfundum Matís „Fyrrverandi framkvæmdarstjóri Strandbúnaðar þurfti skyndilega að hætta“

Í framhaldinu er nú spurt:

- Braut fyrrverandi framkvæmdastjóri af sér gagnvart félaginu sem réttlæti að honum var bolað frá?
- Ef ekki hver er þá raunveruleg ástæða þess að fyrrverandi framkvæmdarstjóra var bolað frá?

Farið er fram á að þessum spurningum verði svarað á aðalfundi Strandbúnaðar og svörin færið til bókar í fundargerð.

Á kynningarfundum hjá Matís hefði verið heppilegt nefna nafn fyrrverandi framkvæmdastjóra, **en hans nafn er Valdimar Ingi Gunnarsson**, og þakka honum fyrir frábært starf í þágu félagsins undanfarin ár og þannig komið í veg fyrir mistúlkun á því sem fram kom á kynningarfundinum.

Eftir þrýsting og kröftugar umræður var ekki um annað að ræða fyrir fyrrverandi framkvæmdarstjóra skila af sér félaginu. Fráskilnaður fyrrverandi framkvæmdastjóra var til fyrirmyndar, afhenti öll gögn með leiðbeiningum, enda vitað ef svo væri ekki væri að honum vegið og þá með réttu. Í framhaldinu vekur það athygli að fyrrverandi framkvæmdastjóra er ekki einu sinni þakkað fyrir frábært starf í þágu Strandbúnaðar í fjölmörg ár. Í staðinn er allt gert til að hylma yfir raunverulega ástæðu þess að hann þurfti að víkja og í raun hent út eins og einhverri druslu – og það athyglisverða er að mönnum viðrist almennt þykja það sjálfsagt.

Ef talið er að fyrrverandi framkvæmdastjóri hafa sagt sínu starfi lausu – þá er spurt hvar er sú afsögn?

2. Framkvæmdarstjórn í neyð

Fram kom á kynningarfundum Matís; „Matís tók af sér framkvæmdarstjórn í neyð“.

Í framhaldinu er spurt:

- Hver var þessi neyð?

Farið er fram á að þessari spurningu verði svarað á aðalfundi Strandbúnaðar og svörin færið til bókar í fundargerð.

Líklega er staðreyndin sú að Matís yfirtók ráðstefnuna til að skapa fyrrverandi stjórnarformanni Strandbúnaðar verkefni og nota vettvanginn til að markaðssetja félagið innan greinarinnar til

fjárhagslegs ávinnings. Hér má spyrja sig hvort aðrir höfðu áhuga að taka að sér flott verkefni og jafnvel innan þáverandi stjórnar Strandbúnaðar?

3. Yfirtaka á Strandbúnaði

Á kynningarfundinum varðandi yfirtöku á Starandbúnaði kom fram „Matís sá í þessu tækifæri til að auka samstarf við aðila sem eru í eldi og ræktun“. Jafnframt kemur fram í tölvupóstsamskiptum (fylgiskjal 3); „Til að auka samskipti við eldis- og ræktunargreinar hefur Matís tekið að sér framkvæmdarstjórn fyrir Lagarlíf (áður Strandbúnaður)...“

Hér er spurt var þetta markmiðið með stofnun Strandbúnaðar að opinbert hlutafélag notaði vettvanginn til markaðssetningar á Matís til fjárhaglegan ávinnings?


Matís stýrir upplýsingargjöf til iðnaðarins. Opinbert hlutafélag er þátttakandi á villandi málflutningi af ástæðum þess að fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar var bolað frá og hefur þannig heilmikið vald í þessu máli sem þátttakandi í þöggunarmáli.

Að lokum

Framgangan gagnvart undirrituðum flokkast undir þöggun sem er kerfisbundin aðferð til að koma í veg fyrir að fólk tjái skoðanir sínar. Það er athyglisvert að á 21. öld að opinber gagnrýni í eigin nafni á ófagleg vinnubrögð og spillingu sé refsiverð. Undirritaður hefur aldrei notað Strandbúnað til að koma sínum skoðunum á framfæri í gegnum ráðstefnuna og stóð það aldrei til.

Það er farið fram á að lið 1 og 2 verði svarað og bókfært í fundagerð aðalfundar Strandbúnaðar. Þriðji liður heyrir e.t.v. meira undir Matís og er því eðlilegra að beina þeim, ásamt öðrum ábendingum seinna til forsvarsmanna og stjórnar Matís.

Svörin (eða engin svör) verða notuð sem heimild í ítarlegri greinagerð þar sem tekið verða fyrir spillingarmál í fiskeldi á Íslandi sem birt verður á næsta ári.



Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjávarútvegsþjónustan ehf.
valdimar@sjavarutvegur.is